

Skýrsla Hafréttarstofnunar Íslands fyrir árið 2002

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa, auk Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið.

Stjórn stofnunarinnar skipa af hálfu utanríkisráðuneytisins Sverrir Haukur Gunnlaugsson aðalmaður og Magnús K. Hannesson varamaður, af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins Þorsteinn Geirsson aðalmaður og Kolbeinn Árnason varamaður, og af hálfu Háskóla Íslands Eiríkur Tómasson aðalmaður og Þorgeir Örlygsson varamaður. Tómas H. Heiðar var ráðinn forstöðumaður stofnunarinnar í hlutastarfi (1/4 stöðugildi) frá og með 1. janúar.

Hinn 8. febrúar undirrituðu Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra og Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands, samning um Hafréttarstofnun Íslands sem leysir af hólmi samninginn frá 31. mars 1999.

Hafréttarstofnun var í ár styrktaraðili að Ródos-akademíunni í hafrétti en varð fullgildur aðili að akademíunni í lok árs og tók forstöðumaður stofnunarinnar sæti í stjórn akademíunnar. Árlegt þriggja vikna námskeið akademíunnar í hafrétti er helsta námskeið á þessu sviði í heiminum. Forstöðumaður sótti allt námskeiðið og annaðist kennslu í einni viku námskeiðsins í ár en framlag stofnunarinnar til akademíunnar felst einnig í veitingu styrkja til íslenskra þátttakenda í námskeiðinu og til þátttakenda frá þróunarlöndum. Sverrir Haukur Gunnlaugsson sótti fyrstu viku námskeiðsins.

Hafréttarstofnun auglýsti í ár í fyrsta skipti styrki til náms í hafrétti. Annars vegar er um að ræða styrki til framhaldsnáms í hafrétti og barst engin umsókn.

Hins vegar er um að ræða styrki til íslenskra þátttakenda og þátttakenda frá þróunarlöndum í námskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti sem haldið var 8.–26. júlí. Hafréttarstofnun veitti tveimur Íslendingum, Guðmundi Siemsen og Kjartani Vilhjálmssyni, styrki til þátttöku í námskeiðinu. Enn fremur veitti stofnunin nokkrum einstaklingum frá þróunarríkjum styrki til þátttöku í námskeiðinu.

Unnið var að undirbúningi alþjóðaráðstefnu um afmörkun landgrunnins (Legal and Scientific Aspects of Continental Shelf Limits) sem Hafréttarstofnun ásamt Hafréttarstofnuninni við Virginíuháskóla efna til í Reykjavík dagana 25.–27. júní 2003. Ljóst er að um langstærsta verkefni stofnunarinnar fram að þessu er að ræða.

Hafréttarstofnun kostaði þátttöku Þóris Skarphéðinssonar frá sjávarútvegsráðuneytinu í ráðstefnu um umhverfismál í Stokkhólmi 22.–25. maí. Um var að ræða árlega ráðstefnu Hafréttarstofnunarinnar við Virginíuháskóla og var hún að þessu sinni haldin í samvinnu við lagadeild Háskólans í Stokkhólmi. Þórir flutti fyrirlestur á ráðstefnunni um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda hafsins.

Hafréttarstofnun efndi ásamt lagadeild H.Í. til málstofu um aðild Íslands að Alþjóðahvalveiðiráðinu í Lögbergi 23. október. Forstöðumaður og Stefán

Ásmundsson, aðalfulltrúi Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, voru málshefjendur en Eiríkur Tómasson stýrði málstofunni sem var fjölsótt.

Hafréttarstofnun veitti Björgu Thorarensen, prófessor við lagadeild H.Í., styrk vegna útgáfu rits um þjóðarétt.

Bókasafni Hans G. Andersen, sem ekkja hans færði stofnuninni að gjöf á síðasta ári, var komið fyrir í Lögbergi.

Forstöðumaður og Þorsteinn Geirsson tóku þátt í hátíðarfundi sem haldinn var í Sameinuðu þjóðunum í New York 9. og 10. desember í tilefni af 20 ára afmæli hafréttarsamningsins. Ræddu þeir þar við forsvarsmenn Hafréttarstofnunarinnar við Virginíuháskóla um væntanlega landgrunnsráðstefnu í Reykjavík.